

## MINNISBLAÐ

**Efni:** Dómur Hæstaréttar Svíþjóðar í Winefinder málinu  
**Unnið fyrir:** Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR)  
**Unnið af:** Bjarka Má Baxter, lögmanni, Málþingi lögmannsstofu  
**Dags.:** 18. desember 2023

### I. Inngangur

Í sumum löndum ríkir svokallað einkasölufyrirkomulag með áfengi á smásölustigi. Tilgangur einkasölnunnar byggir á augljósum lýðheilsu- og samfélagsrökum og felst fyrst og fremst í því að takmarka aðgengi að áfengi og þannig vinna gegn misnotkun og skaðlegum áhrifum þess. Hér á landi hefur ÁTVR einkaleyfi til smásölu áfengis. Fyrirkomulagið endurspeglast í 2. gr. laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak en þar segir að markmið laganna sé:

- að skilgreina umgjörð um smásölu áfengis og heildsölu tóbaks sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð,
- að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og tóbaki og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengis- og tóbaksneyslu,
- að vernda ungt fólk gegn neyslu áfengis og tóbaks og takmarka framboð á óæskilegum vörum.

Í Svíþjóð er sambærilegt fyrirkomulag þar sem Systembolaget, sem er fyrirtæki í eigu sænska ríkisins, sér um áfengisölu. Þann 7. júlí 2023 féll dómur í Hæstarétti Svíþjóðar í máli sem Systembolaget höfðaði gegn Winefinder ApS (*hér eftir* danska félagið) og Winefinder AB (*hér eftir* sænska félagið). Málið er gjarnan nefnt Winefinder málið.

### II. Niðurstaða

Í málinu var deilt um hvort fyrirkomulag Winefinder félaganna á sölu áfengis á sænskum markaði væri í trássi við einkarétt Systembolaget eða hvort um væri að ræða einkainnflutning einstaklinga á áfengi frá öðru landi innan ESB sem væri heimill samkvæmt sænskum áfengislögum.

Niðurstaða Hæstaréttar var sú að einkainnflutningur sænskra neytenda á áfengi frá Danmörku væri heimill samkvæmt undanþáguákvæði sænsku áfengislaganna. Niðurstaða Hæstaréttar Svíþjóðar var einkum reist á eftirfarandi forsendum:

- Áfengið var selt af dönsku félagi til sænskra neytenda.
- Áfengið var selt af lager sem var staðsettur í Danmörku.
- Áfengið var flutt inn til Svíþjóðar af óháðum flutningsaðila.
- Danska félagið, sem var seljandi áfengisins, var starfandi félag í Danmörku þar sem það var með starfsfólk og greiddi skatta.

- Danska félagið var ekki með starfsemi í Svíþjóð.
- Winefinder félagið stunduðu ekki beina sölustarfsemi í Svíþjóð.

Það er ljóst að grundvallarmunur er á fyrirkomulagi netverslunar með áfengi á íslenskum markaði og atvikum í Winefinder málinu. Það er óumdeilanlegt að stór hluti netverslana, sem selja áfengi á íslenskum markaði, selja áfengi af innlendum lager. Áfengið hefur með öðrum orðum þegar verið flutt inn til landsins og tollafgreitt þegar það er selt og afhent kaupanda. Vísast í því sambandi t.d. til auglýsinga frá fjölda innlendra netverslana undanfarin misseri sem lofa afhendingu áfengis með heimsendingu innan 90 mínútna frá kaupum á höfuðborgarsvæðinu. Því er ekki um einkainnflutning kaupanda á vörunni að ræða eins og var í Winefinder málinu.

**Netverslanir sem selja áfengi á íslenskum markaði selja vörur sem hafa þegar verið fluttar inn til landsins og tollafgreiddar. Slík sala er smásala hér á landi sem brýtur gegn einkarétti ÁTVR til smásölu áfengis og er því ólögleg.**

### III. Nánar um dóm Hæstaréttar Svíþjóðar í Winefinder málinu

Í dómi Hæstaréttar er rakið að Systembolaget hafi einkarétt til smásölu áfengis í Svíþjóð. Smásala vísi til sölu til neytenda. Sala áfengis í andstöðu við sænsk áfengislög sé refsiverð. Samkvæmt sænskum áfengislögum er sala áfengis, hvort sem er smásala eða heildsala, bönnuð í Svíþjóð nema seljandinn hafi til þess heimild samkvæmt lögnum. Meginreglan sé sú að aðeins heildsalar og í sumum tilvikum Systembolaget megi flytja áfengi inn til landsins. Í lögnum eru nokkrar undanþágur frá framangreindri meginreglu sem Hæstiréttur tók til skoðunar hvort ættu við um atvik málsins.

#### ***Fyrirkomulag viðskiptanna***

Fyrirkomulag viðskiptanna voru þannig að danska félagið bauð áfengi til sölu á vefsíðunni [www.winefinder.se](http://www.winefinder.se). Neytendur í Svíþjóð keyptu áfengi á vefsíðunni og greiddu til danska félagsins. Áfengið var afgreitt af lager danska félagsins frá Danmörku í tengslum við hverja sölu. Danska félagið keypti þjónustu af óháðu flutningsfyrirtæki sem sá um flutning til kaupenda í Svíþjóð eða á sérstakan afhendingarstað sem kaupandinn tilgreindi. Danska félagið greiddi tolla og skatta af áfenginu samkvæmt sænskum lögum en sænska félagið var umboðsmaður danska félagsins vegna skattamála í Svíþjóð. Sænska félagið sá hinu danska fyrir ýmiss konar þjónustu, s.s. fjármála- og tölvuþjónustu auk þjónustu við viðskiptavinum s.s. vegna skila á vöru og kvartana. Danska félagið var í 100% eigu þess sænska. Framkvæmdastjóri og stjórnarmenn beggja félaganna voru með skráð lögheimili í Svíþjóð og á tímabili var sama stjórn í félagunum.

#### ***Einkainnflutningur samkvæmt sænskum áfengislögum***

Ein af undanþágum sænsku áfengislögunum er sú að einstaklingum er heimilt að flytja áfengi til landsins fyrir sjálfa sig og fjölskyldur sínar að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Um er að ræða svokallaðan einkainnflutning til eigin neyslu (s. Privatinförnel). Í lögnum er heimildin bundin við *einstaklinga sem flytja inn áfengi frá öðrum löndum innan ESB til eigin nota í gegnum óháða flutningsþjónustu* (s. genom yrkesmässig befordran eller annan oberoende mellanhand).

Það var niðurstaða Hæstaréttar að netverslun áfengis yfir landamæri innan ESB væri heimil á grundvelli undanþáguákvæðis sænsku áfengislögunum um eigin innflutning (þótt orðalag

ákvæðisins vísi ekki með beinum hætti til netverslunar) væri öðrum skilyrðum laganna fullnægt.

Í því sambandi vísaði Hæstiréttur einkum til eftirfarandi skilyrða.

*Í fyrsta lagi* að áfengið sé flutt inn til landsins af óháðum flutningsaðila. Ekki skipti máli hvort kaupandi eða seljandi vörunnar ráði viðkomandi flutningsaðila. Ef seljandi vörunnar hins vegar flytur vöruna sjálfur inn til landsins þá falli það ekki undir heimild laganna til einkainnflutnings og sé óheimilt.

*Í öðru lagi* að svo netverslun áfengis yrði ekki talin smásala í Svíþjóð og þar með í andstöðu við áfengislöggjöfina, væri það skilyrði að seljandinn væri ekki með starfsemi í Svíþjóð (s. etablerad i Sverige). Í dóminum er tekið fram að ef seljandinn er með starfsemi í Svíþjóð og áfengið er selt til neytenda í Svíþjóð sé það brot á lögnum, jafnvel þótt áfengið væri flutt inn til Svíþjóðar eftir viðskiptin.<sup>1</sup>

*Í þriðja lagi* að engin bein sölustarfsemi sé stunduð í Svíþjóð, s.s. í gegnum sölufulltrúa í Svíþjóð.<sup>2</sup> Í því sambandi tekur Hæstiréttur fram að seljandi teljist ekki stunda beina sölustarfsemi í Svíþjóð þótt netverslun sé aðgengileg á sænskum markaði eða ef vefsíðan eða búnaður vegna hennar sé vistaður / staðsettur í Svíþjóð.<sup>3</sup> Til stuðnings þeirri forsendu er vísað til tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/31/EC um rafræn viðskipti.<sup>4</sup>

Það var niðurstaða Hæstaréttar með hliðsjón af atvikum og gögnum málsins að viðskiptin hafi farið fram á milli neytenda í Svíþjóð og danska félagsins með rafrænum hætti. Sænskir neytendur hafi gert samning við danska félagið um kaup á áfenginu. Hæstiréttur taldi að ekki hafi verið sýnt fram á að viðskiptin hafi verið gerð af hálfu danska félagsins fyrir hönd einhvers annars aðila.<sup>5</sup>

Í dóminum er vísað til þess að danska félagið hafi verið stofnað á árinu 2005 og væri skráð og staðsett í Danmörku. Áfengið væri geymt í vöruhúsi danska félagsins í Danmörku. Danska félagið hafi greitt skatta í Danmörku vegna starfsemi sinnar og haft starfsfólk þar í landi. Að þessu virtu var ekki fallist á að starfsemi danska félagsins hafi verið til málamynda (s. fiktiv).<sup>6</sup>

Hæstiréttur tekur fram að jafnvel þótt danska félagið hafi keypt ýmsa þjónustu af sænska félaginu leiði það ekki til þess að litið verið svo á að salan hafi farið fram í Svíþjóð eða að litið verði svo á að sænska félagið sé seljandi vörunnar. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að Winefinder félögin hafi stundað raunverulega eða beina (s. konkreta) sölustarfsemi í Svíþjóð. Það breyti engu um það þótt kvartanir viðskiptavina hafi verið meðhöndlaðar af sænska félaginu.<sup>7</sup>

Í dóminum er vísað til þess að danska félagið hafi ráðið óháðan flutningsaðila til að annast flutning áfengisins til neytenda í Svíþjóð. Slík netverslun yfir landamæri sé heimil og skipti ekki

<sup>1</sup> 26. málsgrein dómsins

<sup>2</sup> Frumtexti: "Vidare måste det förutsättas att någon försäljningsverksamhet inte äger rum på plats i Sverige, t.ex. genom en handelsagent eller motsvarande."

<sup>3</sup> 27. málsgrein dómsins

<sup>4</sup> Í 19. tl. aðfararorða tilskipunarinnar segir: „Staðurinn þar sem félag, sem veitir þjónustu um vefsetur á Netinu, hefur staðfestu er ekki staðurinn þar sem tæknibúnaðurinn á bak við vefsíðu þess er eða staðurinn þar sem vefsíða þess er aðgengileg, heldur staðurinn þar sem það stundar atvinnurekstur sinn.”

<sup>5</sup> 29. málsgrein dómsins

<sup>6</sup> 30. málsgrein dómsins

<sup>7</sup> 31. málsgrein dómsins

máli í því sambandi þótt danska félagið hafi útvegað flutningsaðilann.<sup>8</sup>

Með vísan til framangreinds var það niðurstaða Hæstaréttar að aðeins danska félagið hafi stundað sölu á áfengi í netverslun frá Danmörku. Slík netsala danska félagsins á áfengi til neytenda í Svíþjóð brjóti ekki í bága við einkarétt Systembolaget til smásölu áfengis í Svíþjóð samkvæmt sænskum áfengislögum heldur falli salan undir einkainnflutning einstaklings á áfengi sem ætti sér stoð í undanþáguákvæði áfengislaganna. Voru Winefinder félögin því sýknuð af kröfu Systembolaget um brot á sænskum áfengislögum.

#### IV. Lokaorð

Niðurstaða Hæstaréttar Svíþjóðar er reist á undanþáguákvæði í sænskum lögum sem heimilar einkainnflutning einstaklinga á áfengi til eigin nota. Grunnforsenda dómsins er því að um raunverulegan innflutning einstaklings sé að ræða á áfengi til eigin nota.

Skilyrði þess að undanþáguákvæðið eigi við eru að seljandi vörunnar sé með starfsemi í öðru ríki innan ESB, að seljandinn stundi hvorki starfsemi í Svíþjóð né stundi beina sölumennsku í Svíþjóð og að varan sé flutt inn af óháðum flutningsaðila. Í því sambandi er rétt að undirstrika að í dóminum er sérstaklega tekið fram að ef seljandinn væri með starfsemi í Svíþjóð og áfengið væri selt til neytenda í Svíþjóð væri það brot á lögnum, jafnvel þótt áfengið væri flutt inn til Svíþjóðar eftir viðskiptin.

Grundvallarmunur er á fyrirkomulagi netverslunar með áfengi á íslenskum markaði og atvikum í Winefinder málinu. Netverslanir á íslenskum markaði selja flestar áfengi sem hefur verið flutt inn til landsins og tollafgreitt þegar það er selt af lager innanlands og afhent kaupanda. Slíkt fyrirkomulag telst smásala hér á landi sem er ólögmæt og í andstöðu við einkarétt ÁTVR, sbr. 1. mgr. 1. gr. áfengis laga nr. 75/1998 og 1. mgr. 7. gr. laga nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak.

Einstaklingum hér á landi er heimilt að flytja til landsins áfengi til eigin nota (einkainnflutningur). Heimildina leiðir af lögum, sbr. t.d. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 96/1995 um gjald af áfengi og tóbaki og skuldbindingum Íslands á grundvelli EES samningsins. Áréttað skal að heimild til einkainnflutnings er bundin við að einstaklingar standi sjálfir fyrir raunverulegum innflutningi áfengisins til landsins til eigin nota, greiði tolla og önnur opinber gjöld og að salan fari fram í öðru landi.

Niðurstaða Hæstaréttar Svíþjóðar í Winefinder málinu gengur gegn þeirri skoðun að netverslun með áfengi eins og hún er stunduð hér á landi sé lögleg samkvæmt íslenskum lögum eða Evrópuréttinum. Dómurinn staðfestir að gerður er skýr greinarmunur á milli annars vegar smásölu og hins vegar einkainnflutningi einstaklinga á áfengi. Sama gildir hér á landi.

Virðingarfyllst,



Bjarki Már Baxter, lögmaður

---

<sup>8</sup> 32. málsgrein dómsins